

Fundargerð

388. fundur sveitarstjórnar
haldinn í Ráðhúsinu, fimmtudaginn 13. febrúar 2025, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Þorleifur Karl Eggertsson, oddviti,
Magnús Magnússon, varaoddviti,
Sigríður Ólafsdóttir, aðalmaður,
Magnús Vignir Eðvaldsson, aðalmaður,
Elín Lilja Gunnarsdóttir, aðalmaður,
Ingimar Sigurðsson, aðalmaður,
Viktor Ingi Jónsson, aðalmaður.

Starfsmenn:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri,
Elín Jóna Rósinberg, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundargerð ritaði: Elín Jóna Rósinberg, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs..

Oddviti setti fund og gekk til dagskrár.

1. Byggðarráð - 1236 - 2501006F

Fundargerð 1236. fundar byggðarráðs frá 3. febrúar sl. lögð fram til afgreiðslu á 388. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Magnús Magnússon formaður byggðarráðs kynnti fundargerð.

1.1 2501017 - Skólabúðirnar á Reykjum - upphæð komugjalda

1.2 2501010 - Styrkir til leikfélaga 2025

Afgreiðsla byggðarráðs borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

1.3 2501018 - Beiðni um lækkun á húsaleigu vegna viðburðar í samfélagsþágu

1.4 2501034 - Úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2024-2025

1.5 2403009 - Heilsueflandi og barnvænt sveitarfélag

1.6 2410055 - Uppsögn á starfi

Afgreiðsla byggðarráðs borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

1.7 2501026 - Aðalfundur Samorku - tillögur að framboðum í stjórn

1.8 2501048 - Styrkbeiðni - rafrænt námskeið um slysavarnir

1.9 2501068 - Tillögur að flokkun tíu vindorkuverkefna - óskað eftir umsögnum

Ingimar Sigurðsson vék af fundi kl. 15:12.

Lögð fram eftirfarandi bókun:

„Sveitarstjórn tekur undir ítrekaðar bókanir vegna tillögu að flokkun tíu vindorkuverkefna, bæði á vettvangi byggðarráðs og sveitarstjórnar.“

Ingimar kom aftur til fundar kl. 15:15.

- 1.10 2412060 - Endurskoðun leiðakerfis landsbyggðarvagna
- 1.11 2501028 - Lokun flugbrauta á Reykjavíkflugvelli - Yfirlýsing Miðstöðvar sjúkraflugs á Íslandi
Sveitarstjórn tekur undir áhyggjur byggðarráðs en frá því að umsögn ráðsins var sett fram hefur flugbrautinni nú verið lokað. Sveitarstjórn Húnaþings vestra leggur þunga áherslu á að allra mögulegra leiða verði leitað til að opna brautina sem allra fyrst að nýju. Með lokun brautarinnar er öryggi íbúa á landsbyggðinni ógnað verulega og verður ekki við það unað.
- 1.12 2501012 - Fundargerðir stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra 2025
- 1.13 2501044 - Fundargerðir stjórnar Náttúrustofu Norðurlands vestra 2025
- 1.14 2501019 - Brák íbúðafélag - Fundargerð ársfundar 2023

2. Byggðarráð - 1237 - 2502002F

Fundargerð 1237. fundar byggðarráðs frá 10. febrúar sl. lögð fram til afgreiðslu á 388. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Magnús Magnússon formaður byggðarráðs kynnti fundargerð.

- 2.1 2212015 - Lok lóðarleigusamnings vegna Norðurbrautar 30
Afgreiðsla byggðarráðs borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.
- 2.2 2502016 - Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2025
- 2.3 2502019 - Sameiginleg yfirlýsing aðstoðarskólastjóra í leikskólum sveitarfélaga á Norðurlandi
- 2.4 2502020 - Reglur um frístundastyrki 2025
- 2.5 2412051 - Atvinnu- og nýsköpunarsjóður Húnaþings vestra úthlutun 2025
Afgreiðsla byggðarráðs borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.
- 2.6 2502022 - Drög að áætlun eignamarka fasteigna
- 2.7 2501009F - Starfshópur um opnunartíma leikskóla og grunnskóla - 1
- 2.8 2501005F - Stýrihópur um barnvænt og heilsueflandi sveitarfélag - 5
- 2.9 2501002 - Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 2025
- 2.10 2502006 - Fundargerðir Hafnasambands Íslands 2025

3. Félagsmálaráð - 259 - 2501011F

Fundargerð 259. fundar félagsmálaráðs frá 29. janúar sl. lögð fram til afgreiðslu á 388. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Þorleifur Karl Eggertsson oddviti kynnti fundargerð.

- 3.1 2411038 - Fjármagn vegna verkefna tengiráðgjafa í Húnaþingi vestra 2025
- 3.2 2412042 - Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning 2025
- 3.3 2501033 - Reglur um stuðnings- og stoðþjónustu Húnaþings vestra

3.4 2501036 - Helstu verkefni fjölskyldusviðs frá síðasta fundi 2025

3.5 2501039 - Starfsáætlun félagsmálaráðs

4. Fræðsluráð - 251 - 2501010F

Fundargerð 251. fundar fræðsluráðs frá 30. janúar sl. lögð fram til afgreiðslu á 388. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Elin Lilja Gunnarsdóttir formaður fræðsluráðs kynnti fundargerð.

4.1 2501038 - Skólapúlsinn

4.2 2501037 - Menntabúðir 2024

4.3 2411051 - Íslenska æskulýðsrannsóknin 2024

4.4 2501036 - Helstu verkefni fjölskyldusviðs frá síðasta fundi 2025

5. Landbúnaðarráð - 216 - 2501002F

Fundargerð 216. fundar landbúnaðarráðs frá 12. febrúar sl. lögð fram til afgreiðslu á 388. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Sigríður Ólafsdóttir formaður landbúnaðarráðs kynnti fundargerð.

5.1 2501047 - Formenn fjallskiladeilda funda með landbúnaðarráði

5.2 2501065 - Söfnun rúlluplasts 2025

5.3 2501066 - Söfnun brotajárns í dreifbýli 2025

6. Skipulags- og umhverfissráð - 372 - 2502001F

Fundargerð 372. fundar skipulags- og umhverfissráðs frá 6. febrúar sl. lögð fram til afgreiðslu á 388. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Ingimar Sigurðsson formaður skipulags- og umhverfissráðs kynnti fundargerð.

6.1 2410006 - Óskað er eftir breytingu á deiliskipulagi Kirkjuhvamms á Hvammstanga
Afgreiðsla skipulags- og umhverfissráðs borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6.2 2501064 - Aðalskipulag Strandabyggðar 2021-2033-heildarendurskoðun
Afgreiðsla skipulags- og umhverfissráðs borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6.3 2501067 - Br-ASK-Sindrastaðir
Afgreiðsla skipulags- og umhverfissráðs borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6.4 2502008 - Þorfinnsstaðir, umsókn um stofnun vegsvæðis.
Afgreiðsla skipulags- og umhverfissráðs borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6.5 2502017 - Víðigerði lóð, umsókn um samruna lóðar.
Afgreiðsla skipulags- og umhverfissráðs borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6.6 2502021 - Kirkjuhvammur aðstöðuhús, umsókn um stofnun lóðar.

Afgreiðsla skipulags- og umhverfissráðs borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

7. Úrskurður landsréttar - 2401009

Lagður fram til kynningar úrskurður Landsréttar í máli 879/2023.

Með dómi Landsréttar hinn 16. janúar 2025 í máli nr. 879/2023 var dómur héraðsdóms staðfestur, sem sýknaði sveitarfélagið af kröfum um viðurkenningu á því að sveitarfélagið væri skaðabótaskyldt vegna ráðningar í starf sviðsstjóra í apríl 2022 og af kröfum um miskabætur.

8. Úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2024-2025 - 2501034

Lagðar fram til staðfestingar sérreglur Húnaþings vestra vegna úthlutunar byggðakvóta fiskveiðiárið 2024/2025.

Lögð fram tilkynning frá matvælaráðuneyti um úthlutun byggðakvóta til Húnaþings vestra fiskveiðiárið 2024/2025.

Í tilkynningu matvælaráðuneytis er sveitarfélaginu gefinn frestur til 21. febrúar til að leggja fram tillögur að sérreglum vegna úthlutunar kvótans. Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi drög að sérreglum byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2024-2025.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

"Ákvæði reglugerðar nr. 819/2024 gilda um úthlutun byggðakvóta Húnaþings vestra með eftirfarandi viðauka/breytingum:

I. 1.másl. 1.mgr. 4.gr:

Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1.gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum og ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3.gr., eftir því sem við á þannig að:

a. 50% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 851/2023 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 852/2023, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2023/2024. Við skiptingu þessa 50% byggðakvóta Húnaþings vestra, til ofangreindra skipa, skal miða við meðaltal landaðs botnfiskafla í þorskígildum talið, í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í Hvammstangahöfn fiskveiðiárið 2023/2024.

b. 50% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 819/2024, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2024/2025. Skiptingunni verður háttað með þeim hætti að hvert fiskiskip sem uppfyllir framangreind ákvæði hlýtur að lágmarki 40 tonn og eftirstöðvum úthlutað miðað við meðaltal landaðs botnfiskafla, í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í Hvammstangahöfn fiskveiðiárið 2023/2024.

c. Skip eiga rétt til úthlutunar úr báðum pottum samkvæmt a- og b-lið, að uppfylltum skilyrðum.

Rökstuðningur er sá að af þeim bátum sem gera út frá Hvammstanga er aðeins hluti þeirra sem varð fyrir áhrifum aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa. Fyrir þá báta sem ekki hljóta kvóta vegna rækjubrests er mjög erfitt að safna upp löndunarreynslu og því er lagt til að sá hluti byggðakvótans sem b.liður nær yfir verði að lágmarki veitt 40 tonnum á hvern bát og því sem eftir stendur úthlutað út frá löndunarreynslu.

II. 1. málsli. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2024 til 31. ágúst 2025.

Rökstuðningur er sá að í byggðarlaginu er engin fiskvinnsla."

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

9. Reglur um frístundastyrki 2025 - 2502020

Lagðar fram til staðfestingar uppfærðar reglur um frístundastyrki.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

„Sveitarstjórn samþykkir Reglur um frístundastyrki 2025.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

10. Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning 2025 - 2412042

Lagðar fram til staðfestingar reglur um sérstakan húsnæðisstuðning.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

„Sveitarstjórn samþykkir Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning í Húnaþingi vestra.“

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

11. Reglur um stuðnings- og stoðþjónustu Húnaþings vestra - 2501033

Lagðar fram til staðfestingar reglur um stuðnings- og stoðþjónustu Húnaþings vestra.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

„Sveitarstjórn samþykkir Reglur um stuðnings- og stoðþjónustu Húnaþings vestra.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

12. Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2025 - 2502016

Lagður fram til staðfestingar viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2025.

Lögð fram eftirfarandi tillaga að Viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2025:

„Eignasjóður

Lóðir og lendur kr. 29.500.000

Hækkun eignfærðrar fjárfestingar er mætt með lækkun handbærs fjár. Viðaukinn hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins.

Viðaukinn er gerður vegna samkomulags milli eigenda eignarinnar Norðurbrautar 30 og sveitarfélagsins í samræmi við deiliskipulag svæðisins.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

13. Skýrsla sveitarstjóra - 2311018

Unnur Valborg Hilmarsdóttir sveitarstjóri gerir grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta reglulega sveitarstjórnarfundum.

Skýrslan var flutt munnlega og til kynningar.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 16:17.

